

AUGLÝSING

um

8
25. febr.

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Neskaup­tún í Norðfirði.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Neskaup­tún í Norðfirði, sem hreppsnefndin hefir samið og samþykkt.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir

Neskaup­tún í Norðfirði.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir allan Neshrepp í Norðfirði eins og hann nú er og síðar kann að verða.

2. gr.

Hreppstjóri Neshrepps er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í henni 2 menn, annan þeirra kys sýslunefnd en hinn hreppsnefnd, til 3ja ára í senn. Hreppsnefnd getur, að þar til fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, skipað sjerstakan heilbrigðisfulltrúa fyrir kaup­túnið. Setur hreppsnefnd honum erindisbrjef og ákveður kaup hans, enda greiðist það úr hreppssjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skytt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfund. Meðan heilbrigðisfulltrúi er eigi skipaður hvílir framkvæmd öll og eftirlit á heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust.

Formaður skal sjá um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar en skal þá tafarlaust skjóta málinu til hreppsnefndarinnar,

8

25. febr.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er ræðir um í samþykkt þessari, eða þýðingu þykir hafa fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal heilbrigðisnefnd skoða allar eignir í kaup-túninu og er henni heimilt að skifta því starfi á milli nefndarmanna, sje það ekki falið heilbrigðisfulltrúa.

Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók alt það, sem aðfinslu vert er samkvæmt samþykkt þessari, og skal hún skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarum-bót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt. Þó getur nefndin látið gera þrifnaðarumbætur án fengis samþyktar hreppsnefndar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt kemur alt í einu upp í kaup-túninu.

Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki hreppsnefndar.

6. gr.

Nú er eigandi húseignar ekki búsettur í Neskaup-túni og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni er í kaup-túninu býr að vera húsráðandi, skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

II. Um alment hreinlæti og þrifnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki safnist fyrir óhreinindi á opnum svæðum eða óbygðum lóðum. Í fjörunni eða á almannaþæri má enginn fleygja frá sjer slori, hrægjum, rusli, nje öðru því er valdið getur óhreinlæti og óhollustu. Engum óhreinindum má heldur fleygja í læki þá er renna gegnum kaup-túnið, nje í ræsi kasta neinu því er stýflað getur vatnsrásina.

Bannað er að láta vanhús standa yfir lækjum er renna um kaup-túnið.

Á meðan ekki er lögð almenn skólpveita um kaup-túnið, getur heilbrigðisnefnd leyft að eldhúspvottaskólpi sje veitt í þá læki er hún

ákveður, enda sje þess tryggilega gætt, að vatn úr þeim sje ekki notað til heimilisþarfa nje nokkurskonar þvotta. Fiskþvottaskólpi, afrensli frá vatnssalernum og öðru skólpi er óþef leggur af, skal veita til sjávar í lokuðum ræsum og svo frá gengið sem heilbrigðisnefnd ákveður. Hey, svörð, slor, áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur á göturnar, er sá er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. 8
25. febr.

Mold, leifar, rusl og verkefni, sem af húsbyggingum stafar, skal færa jafnóðum burtu svo ekki valdi óhreinlæti.

8. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að götum má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neinskonar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

9. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús og er það á ábygð eigendanna, að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burt aftur á sinn kostnað.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu út í göturæsi, og sjá um, að þau stiflist ekki.

10. gr.

Á hverju vori — í maí eða júní — skal heilbrigðisnefnd láta fram fara hreinsun á öllum göturæsum, lækjarfarvegum, opinberum lóðum og opnum svæðum, er almenningur hefir afnot af. Kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði.

Jafnframt þeirri vorhreinsun skal framkvæmdarnefnd landeigenda láta hreinsa óhreinindi af öllum óbygðum lóðum í kaптúninu, sem nær eru en 100 metra frá alfaravegi eða bygðri lóð, og sama skulu einnig húsa- og lóðaeigendur láta gera á sínum lóðum. Vanræki einhver að láta framkvæma hreinsun þessa, er heilbrigðisnefnd heimilt að framkvæma verkið á kostnað lóðarhafa. Kostnaðinn, er af því leiðir, má taka lögtaki hjá lóðarhafa.

Götur kaптúnsins og ræsi skal hreinsa, á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

8
25. febr.

III. Um fráræslu.

11. gr.

Þar sem eldhússkólpi eða þvottaskólpi verður ekki veitt í göturæsi eða til sjávar eða í læki þá, er renna gegnum kauptúnið, má þó eigi láta það síga í jörð niður svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að dómi heilbrigðisnefndar, að jarðvegur saurgist, skal veita öllu skólpi burt frá húsinu í lokuðum ræsum, sem sjeu annaðhvort pípur úr brendum leir eða sementssteypu eða trjestokkar, og skulu ræsin ná svo langt sem heilbrigðisnefndinni þykir þurfa.

Öll skólpræsi, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim eða hætt sje við að þau stíflist, og hvergi komi pollar eða vilpur.

12. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum meðfram götunni, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gerð en göturæsið.

IV. Um vatnsból.

13. gr.

Þá er gjöra skal nýtt vatnsból, eða breyta gömlu vatnsbóli, skal jafnan leitað álits heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Vatnsveiturnar í kauptúninu eru háðar umsjón og eftirliti heilbrigðisnefndar, bæði brunnarnir sjálfir og lindar þær, sem vatnið er leitt úr, og leiðslupípunar. Skal þess stöðugt gætt, að vatnið sje heilnæmt.

Bæði þessa brunna og öll önnur vatnsból, skal verja allskonar óhreinindum. Það er bannað að láta í þau, frá eða að þeim koma rensli úr skólpræsnum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo nærri þeim, hvorki fatnað eða fisk, eða neitt það annað, sem getur valdið óheilnæmi.

15. gr.

Brunna má ekki grafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 12 metrar. Engan brunn má grafa nema í samráði við heilbrigðisnefnd.

Hún getur bannað að taka vatn úr brunnum um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt, og skipað fyrir að fylla brunna, sem ekki verður gert við.

Brunnar og vatnsprær skulu byggðar eftir kröfum heilbrigðis-
nefndar. 8
25. febr.

16. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Þar sem þetta á sjer stað nú, getur heilbrigðisnefnd þó veitt undanþágu.

17. gr.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um, hvar peningshús, haugstæði, haughús eða forir megi vera, og má enginn gjöra þau að nýju nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndarinnar til þess og hlýti hennar fyrirmælum um frágang og tilhögun á þeim. Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sjeu færð úr stað eða þeim breytt, ef að þeim er mikill óþrifnaður, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar innan 8 daga til hreppsnefndarinnar, sem gefur úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má. Forir má því aðeins leyfa, að þær sjeu gerðar lagarheldar með steinlími og veggirnir múraðir 25 cm. upp úr jörðu, og yfir þeim sje svo sterkur hleri, að mönnum og skepnum sje engin hættá af þeim.

18. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni innan húss eða utan, eitt eða fleiri eftir stærð hússins og fjölda íbúða.

Í hverju salerni skal vera bakþil, en þau ekki byggð fast upp að húshliðum eða göflum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Gólfíð í salernum skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salernum saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum og að öðru leyti svo vel um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

19. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurílatin skal tæma áður en þau fyllast. Skal heilbrigðisnefnd ákveða, hvar láta megi saurinn úr salernunum.

20. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gerð eða mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt er segir í 18. gr.

8
25. febr

21. gr.

Á öllum stærri bryggjum, fiskverkunar- og útgerðarstöðvum, skulu vera salerni svo útbúin sem heilbrigðisnefnd mælir fyrir. Eigendur þeirra skulu sjá um, að þau sjeu ávalt hreinleg.

V. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

22. gr.

Alt sorp og aska skal flutt í sjó nema heilbrigðisnefnd kveði öðruvísi á. Húseigandi ber ábyrgð á, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um brottflutning sorps og ösku sje hlýtt og getur nefndin látið framkvæma hreinsunina á kostnað hans, ef misbrestur verður á.

23. gr.

Fiskverkunar- og útgerðarstöðvar skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar. Slori, afbeitu og öðrum fiskúrgangi, er þar fellur til og ekki er öðruvísi ráðstafað, skulu sjómenn þeir og útgerðarmenn, er hlut eiga að máli, sjá um að sje fleygt svo langt út á fjörð, að það berist ekki aftur upp í fjörurnar.

VI. *Um iðnað er óhollusta fylgir og óþrifnaður.*

24. gr.

Á kauptúnslóðinni, eða í grend við hana, má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðslu, sítun o. s. frv., nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess. Skal allur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

25. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu fólksins.

Gildir þetta einkum við þá vinnu, sem ryk fylgir eða önnur óhreinum á andrúmslofti, klæðaverksmiðjur, saumastofur, vindlaverksmiðjur o. s. frv.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skifti, hversu mikið loftrúm ætla skuli hverjum vinnandi manni í þesskonar vinnustofum.

Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er sjeð fyrir loftrás á annan hátt. Gólf skal þvo daglega.

VII. *Um matvæli.*

8

25. febr.

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skemd er eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og á öðrum sölustöðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til, að skemd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er skemd eða skaðleg, og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna, á kostnað þess, sem vöruna hafði á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist með öllu óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur og nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum, og hætt við að salan greiði sjúkdómnum götu.

VIII. *Um slátrun og kjötsölu.*

27. gr.

Meðan ekki eru komin upp í kaптúninu regluleg sláturhús, skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með slátrun og kjötsölu. Slátrun skal fram fara á hreinlegum stað. Slátrarar skulu vera í hreinlegum fötum með ermar brettar upp fyrir olnboga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar.

Menn, sem hafa útbrot á höndum eða ganga með einhvern næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrarar. Hundar mega ekki vera nálægt slátrun.

Sullum skal safna í sjerstakt ílát og brenna.

Kjöt af sjálfdauðum skepnum eða veikum, má ekki nota til manneldis.

IX. *Um mjólkursölu.*

28. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, eða vissa fyrir því, að kýrnar sjeu veikar.

Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk, er selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósinu og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkinn óhreinist.

8
25. febr.

X. Um brauðgerðarhús.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldugir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir og þrifnað.

Sama er og um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús eða setja bakaraofn í hús og byrja bakaraíðn, fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið bundið þeim skilyrðum, er hjer segir: Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott, loft og veggir skulu vera kalkaðir eða sementaðir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

30. gr.

Í brauðgerðarhúsum skal gæta alls þrifnaðar. Tóbaksnautn er þar bönnuð.

Allar stofur og klefa skal hreinsa að minsta kosti einu sinni á dag. Veggi og loft skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Enginn má sofa í stofum, sem hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, en eigi mega þeir þvo sjer í vinnustofunum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lugnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Bakarar skulu að minsta kosti einu sinni á ári láta heilbrigðisnefnd í tje vottorð læknis um heilbrigði sína; auk þess getur nefndin krafist slíks vottorðs, þegar henni sýnist ástæða til.

XI. Um íbúðarhús.

31. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræst að sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álfur húsbúum hættu búna.

32. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álfur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina,

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans 8
 bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr hús- 25. febr.
 inu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki
 bætt á þeim tíma svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt á 8
 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð hrepps-
 nefndar, en leita skal álits hjeraðslæknis, og því næst leggja úrskurð
 á málið svo fljótt sem má.

33. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.
 Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru
 rakir, dimmir og þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa
 kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurntíma.

XII. Um samkomuhús og skóla.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í kaup-
 túninu og sjá um, að þau sjeu ræstuð hvenær sem hún álitur þess
 þörf, og af þeim, sem hún álitur til þess færa.

Vilji eigendur eða notendur ekki sætta sig við álit heilbrigðis-
 nefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

Hverju samkomuhúsi skulu fylgja svo mörg og stór salerni, sem
 heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, og þannig útbúin og hirt, sem
 nefndin mælir fyrir. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun samkomu-
 húss, þar til fyrirskipunum hennar er fullnægt.

35. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort
 heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar
 á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að
 tilkynna það heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

36. gr.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklaveiki og læknir álitur,
 að um sótt næmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin bann-
 að, að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til að sótt næmis-
 hættan er, að dómi læknis, um garð gengin.

XIII. Um næma sjúkdóma.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við sóttvarnarnefnd, gengst sjerstak-

8 lega fyrir því, að lögskipuðum vörnum sje haldið uppi gegn næm-
25. febr. um sjúkdómum.

Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur á því svæði, er samþyktin nær yfir, eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. Um kirkjugarða.

38. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu en nemi 100 metrum, og aldrei neðar í brekku en kirkjugarður.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að 1,25 metra moldarlag sje ofan á kistu, nema múrhvelfing sje.

XV. Um sektir.

39. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sekt, er rennur í hreppssjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

40. gr.

Með mál, sem rís út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. apríl þ. á.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. febrúar 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.